

29.ágúst 2022

Fundargerð fundar varðandi standsetningu svæðis fyrir Vélhjólaaksturs deild Heklu.

Mættir eru Atli Haukur, Atli Már, Gunnar Theodór, Fjalar og Heiðar

Rætt var um hvernig fulltrúi skógræktarfélagssins sjái fyrir sér þeirra aðkomu að svæðinu og ætlar Atli Haukur að athuga það.

Hljóðmanir og gróður verður að taka mið af nálægum húsum s.s. Gilsbakka og Gaddstaðahverfi.

Við viljum sjá sveitarfélagið aðstoða við fjármögnun á verktakavinnu við alla vélavinnu s.s. að ýta upp hljóðmönnum, að ýta upp brautum o.s.fr.

Hugmyndir voru ræddar um styrkbeiðnir varðandi flutning á aðstöðuhúsnæði (ca. 200.000kr) og ætlar Atli Már að athuga hjá Árna Páls með kranabíl.

Ræddir voru möguleikar á að fá vatn inn á svæðið og kom hugmynd um dælubrunn frá sýkislæknum og þá einungis til handþvottar og fyrir klósett.

Vatnslögn frá þjóðvegi er um 1000m með borun undir þjóðveg.

Þyrfti ljósleiðara inn á svæðið?

Heimtaug f. rafmagn um 345m frá streng við Gunnarsholtsveg að aðstöðuhúsi.

Stígurinn í gegnum Melaskóg og norður fyrir paintball svæði er óæskilegur. Honum væri best að loka eða færa fjær svæðinu.

Þess ber að geta að innan paintaball svæðisins verður komið upp skúrum, rafmagnskeflum og fleiru til að búa til bardagasvæði.

Fordæmi eru fyrir að sveitarfélagið styrki um niðurfellingu fasteignagjalda samanber FBSH og óskum við eftir því.

Munu tryggingar Heklu dekkja okkar starf?

Þyrftum að fá merкта inn lóð B3 sem fyrst ásamt útsetningum á öðrum svæðum.